



Landnemaskóli - Námsskrá -



FRÆDSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS



<i>Inngangur</i>	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum.....	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms.....	4
<i>Námsþættir og lýsingar</i>	5
Kynning	5
Íslenska	6
Samfélagsfræði	7
Tölvur.....	8
Færnimappa.....	9
Sjálfsstyrking og samskipti.....	10
Mat á námi og skólastarfi	11
<i>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla</i>	12



Landnemaskólinn var hannaður af **Mími-símenntun** (áður MFA) með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Skólinn er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar og Eflingar-stéttarfélags með styrk frá fræðslusjóðum sem Efling stendur að ásamt atvinnurekendum á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum. Landnemaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2002.

Landnemaskólinn er 120 kennslustunda nám sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 10 einingum. Meta má námið á móti allt að 10 einingum í vali, 10 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum, sem þróaðar verða og viðurkenndar af FA.



Í Landnemaskólanum er megináhersla lögð á nám í íslensku en einnig á að auka þekkingu námsmannanna á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Leiðbeinendur tala íslensku. Ef bryn þörf er á skýra þeir mál sitt á ensku. Leiðbeinendur leitast við að nýta þekkingu, færni og menningu hvers einstaklings. Fréttir, dægurmál og atvik úr lífi og starfi námsmanna eiga að njóta forgangs fram yfir hefðbundið námsefni.

Í Landnemaskólanum fer námið að miklu leyti fram með umræðum og verkefnavinnu þar sem námsmenn afla sér upplýsinga svo sem á Netinu, í fjölmiðlum og hjá stofnunum. Nám byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra námi í Landnemaskóla þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögumenn. Náms efni, framsetningu og framvindu náms verður að sniða eftir forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn skólans eru á misjöfnum aldri og hafa þroskast í mismunandi menningu. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarks skólagöngu áður en nám hefst og námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að hafa samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Ennfremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinandi ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Ennfremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skirskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast* í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- *þekkja* í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- *auka færni sína* í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- *vera fær um* í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin við eitthvað, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að násmenn:

- auki færni sína í ræðu og riti á íslensku.
- auki færni sína til þátttöku í íslensku samfélagi.
- auki færni sína í samskiptum og samvinnu.
- kynnist stofnunum sem tengjast málefnum hópsins.
- kynnist þáttum í menningu Íslendinga.
- kynnist vinnu með tölvu.
- geri færnimöppu, þar sem námsmaðurinn lýsir almennri færni, persónulegri færni og starfslegri færni sem hann býr yfir á þann hátt að trúverðugt sé fyrir aðra násmenn og leiðbeinanda.
- hafi mætt a. m. k. 80% skv. stundaskrá.

Í Landnemaskóla eru ekki lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og násmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur násmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir.



Skípulag náms

Námið er 120 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur. Tilhögun námstímans er fyrirfram ákveðin í samvinnu við yfirmenn til að draga úr árekstrum milli vinnu og náms eins og kostur er. Til dæmis hefur námstíminn verið skípulagður að hluta í frítíma námsmanna en einnig vinnutíma þeirra, tvisvar í viku, 5 kennslustundir í senn.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra, eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið skólans né tilgang hans.

Þessi námsskrá byggir á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kst
Kynning	1
Íslenska	58
Samfélagsfræði	20
Tölvur	15
Færnimappa	15
Sjálfsstyrking og samskipti	10
Mat á námi og skólastarfi	1
Samtals kennslustundir	120

Námsþættir og lýsingar

Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að allt starf skólans á að miða að því að greiða fyrir námi. Einnig að námsmenn skólans hafa mismunandi menningarlegan bakgrunn, misjafna lífsreynslu, nema með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innihald námsþátta verður því að laga að nokkru leyti að þörfum þeirra. Leiðbeinendur tala íslensku en skýra mál sitt á ensku ef þess er sérstök þörf.



Kynning

1 kennslustund

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki tilgang, lokamarkmið, og framvindu náms í Landnemaskólanum, kröfur sem gerðar eru til einstakra námsmanna, leiðbeinenda og námsaðstæðna.
- kynnist hverjir öðrum og efli samskipti sín og samvinnu.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.
- þekki hvernig mat menntamálaráðuneytisins getur stytt framhaldsskólanám.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins og merkingu mats menntamálaráðuneytisins á einingum til styttingar náms í framhaldsskóla. Einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hver öðrum og leiðbeinanda. Lagður grunnur að samskiptum og samvinnu í hópnum og virkni námsmanna. Þeir skrifa niður markmið sín og væntingar til þess að minna sig á eftir því sem fram vindur náminu og bera saman við stöðu sína í lok náms.

Námsaðferð:

Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu. Kynning leiðbeinanda, umræður, hópstarf.

Námsefni:

Námsskrá námsleiðarinnar og dagskrá.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína til að skrifa og tala íslensku.
- þekki íslenska stafrófið.
- kynnist helstu málfræðireglum.
- séu færir um að afla heimilda og skrifa útdrætti úr þeim.
- kynnist nokkrum þjóðsögum og bókmenntatextum.
- kynnist málefnum líðandi stundar og ræði þau.

Námslýsing:

Höfuðáhersla er lögð á talmál og ritmál fyrst og fremst til boðskipta og tjáningar. Haft er í huga að íslenska er jafnvel af allt öðrum flokki tungumála en móðurmál námsmanns. Námsmenn vinna verkefni þar sem þeir nýta reynslu úr eigin menningarheimi; kynna þjóðarrétti, hátíðisdaga, siði og venjur. Jafnframt því afla þeir sér heimilda um íslenskt samfélag. Taka viðtöl og segja frá þeim eða skrifa þau. Hlusta á útvarp og sjónvarp, segja frá, skrifa um eða ræða, efni og málfræði. Skrifa dagbók. Skrifa íslenskan texta á tölvur. Ræða efni og málfræði talmáls og skrifaðs máls. Leiðbeinendur í íslensku og tölvum hafa með sér samráð um viðfangsefni.

Námsaðferð:

Einstaklingsvinna og verkefnavinna.

Námsefni:

Námsefni er mikið unnið úr fjölmiðlum til að veita innsýn í íslenskt þjóðlíf hverju sinni.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kynnist íslenskum vinnumarkaði; helstu réttindum og skyldum launafólks. uppbyggingu launaseðla og skattskýrslu.
- kynnist helstu stofnunum samfélagsins.
- séu færir um einföld samskipti við opinberar stofnanir og vita hvar þær er að finna.
- auki færni sína til að skrifa og tala íslensku.

Námslýsing:

Höfuðáhersla er lögð á réttindi og skyldur á vinnumarkaði, almannatryggingar, heilbrigðisþjónustu, skólamál, staðgreiðslu skatta og Alþjóðahús.

Námsaðferð:

Námsmenn afla heimilda og vinna úr þeim greinargerðir. Þannig er samfélagsfræði og íslenskukennsla samtvinnuð. Leiðbeinandi og námsmenn velja í sameiningu viðeigandi stofnanir sem verða heimsóttar til dæmis stéttarfélag, útlendingastofnun, vinnumiðlun, Alþjóðahús, leikhús og Alþingi. Áður en farið er í heimsóknir eru undirbúnar viðeigandi spurningar. Eftir heimsóknir eru þær ræddar eða skrifað um þær og síðan gerð grein fyrir þeim munnlega.

Námsefni:

Frá leiðbeinendum og upplýsingarit frá viðeigandi stofnunum. Einnig „Immigrants“ frá félagsmálaráðuneyti.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína í grunnatriðum Word, Netsins og tölvupósts.
- auki færni sína í íslensku.

Námslýsingar:

Námsmönnum eru kynnt grundvallaratriði við að skrifa á tölvu, vista og sækja skjöl. Þeir fá þjálfun í ritun texta með því að vinna verkefni auk þess sem þeir kynnast grundvallaratriðum leitar á Netinu og samskipta með tölvupósti. Námsmenn vinna verkefni úr íslenskutímum, æfa skrif og móta útlit texta í ritvinnsluforriti, senda og taka á móti tölvupósti á íslensku auk þess að vafra um íslenskar síður á Netinu og leita sérstakra upplýsinga.

Námsaðferð:

Verkefni unnin með leiðsögn leiðbeinanda.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



15 kennslustundir auk samþættingar við íslensku, samfélagsfræði og tölvur

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- séu færir um að gera færnimöppu þar sem þeir safna upplýsingum um náms- og starfsferil sinn og lýsa færni sinni almennt.
- auki færni sína á tölvur.
- auki færni sína í íslensku.

Námslýsing:

Námsmenn skrá upplýsingar um nám, námskeið, störf og tómstundir á íslensku. Þá er farið sérstaklega í núverandi starf og það skilgreint í samvinnu við yfirmenn nemenda, sem oftast koma á staðinn. Umræður, gagnaöflun og skráning. Æskilegt er að yfirmenn taki þátt í skráningu og mati starfsmanna sinna í færnimöppu. Þannig kynnast þeir betur hæfileikum, færni, menntun og reynslu starfsmanna sinna.

Námsaðferð:

Námsmenn skrá með leiðsögn leiðbeinanda. Umræður.

Námsefni:

T.d. Starfsráðgjöf og atvinnuumsóknir frá Mími-símenntun og Færnimappa frá Mími-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra.
- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- þekki hvernig einstaklingur hefur áhrif á það hvort sjálfstraust hans er mikið eða lítið.
- þekki hvernig þeir geta öðlast færni í að byggja upp sjálfstraust sitt.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan einstaklingsins og árangur í starfi.
- þekki vel undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.

Námslýsing:

Í þessum námsþætti er megináhersla lögð á ólík samskiptamynstur og mismunandi framkomu hjá fólki. Ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu fólks. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu, þannig að fólk nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðara og líði betur. Ýmis atriði í samskiptatækni s.s. að hlusta, að gagnrýna, að taka við gagnrýni, að leysa ágreining. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðamenningu. Innan hópsins er fólk sem kemur frá mismunandi menningarheimum og því mikilvægt að hver og einn fái að rækta uppruna sinn og menningu um leið og tekist er á við framandi venjur í nýju landi. Viðfangsefnið geta til að mynda verið togstreita, ákveðni/óákveðni, samskiptahæfni, reiðistjórnun eða annað sem ákveðið er í sameiningu af námsmönnum skólans og leiðbeinanda. Unnið er með samvinnu og liðsheild.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, sjálfsmat og ýmsar verklegar æfingar í hópum.

Námsefni:

T. d. Sjálfsstyrking frá Mími-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Námslýsing:

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn bera saman stöðu sína nú í lok námsins við markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar sem þeir höfðu þá til þess. Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins. Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti unnið skipulega að mati sínu.

Námsefni:

T.d. námsskrá og væntingar námsmanna í upphafi náms.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta Landnemaskólann til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 10 einingum. Meta má skólann á móti allt að 10 einingum í vali, 10 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í Landnemaskólanum er til dæmis hægt að meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 1999:

ÍSA 104 Íslenska sem annað tungumál

TJÁ 102 Tjáning og samskipti

LKN 103 Lífsleikni

LKN 111 Einstaklingur, samfélag, menning

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í Landnemaskóla
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



www.frae.is, sími 599 1400